

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 21.11 2019

Fundarstaður: Prentsögusetur, Laugavegi 29, 101 Reykjavík

Mætt: Heimir, Hjörtur, Haukur Már, Þorsteinn, Sófus, Svanur og Katrín

Gestur á fundi: Svavar Brynjólfsson

Fundarsköp: Heimir setti fund með því að skipa Hauk Má sem fundastjóra, Haukur samþykkti sem og aðrir fundarmenn. Heimir setti fram hugmynd um að fundarmenn kæmu undirbúnir til fundar með skýrslu um hugðarefni sín og myndu umræður snúast um efni þeirra. Engar umræður fóru fram um málið.

Opnun á Laugavegi: Skjár er kominn upp og merking á setursgripum eru í vinnslu. Haukur lagði fram tillögu að bæklingi í túristabroti sem hann lagði fyrir fundinn. Í þeim bæklingi er stuttlega sagt frá öllum vélum sem eru í Gömlu prentsmiðjunni á Laugarvegi. Hugmyndin er að hafa þá númeraða og nota bækling bæði til fræðslu sem og aðgöngnumiða inná setrið. Hann ætlar að senda bækling á fundarmenn til nánari skoðunar. Rætt var um að fá tilboð í prentun en það kom tillaga um að prenta hann á staðnum á meðan við erum að þróa setrið og láta prenta hann síðar, málið er í skoðun.

Stjórn óskaði eftir að hefja samstarf við Svavar Brynjólfsson sem á og rekur Bókakjallarann sem er á hæðinni fyrir ofan PSS. Hann samþykkti. Hann mun því sjá um að opna setrið þegar fólk kemur og innheimta aðgangseyrir. Ekki er búið að taka endarlega ákvörðun um dagsetningu á opnun seturs, en reiknað er með því að opna í desember á þessu ári. Svavar sagði okkur frá því að til hans hefðu leitað fólk sem hefur áhuga á að taka prentsmiðjuna á leigu undir námskeiðshald. Þetta fólk vinnur við blandaða listsköpun. Hann telur að þau gætu gert setrið menningarlegt og lifandi. Hann lagði til að við myndum þróa samstarf með þeim því þarna væru einnig tekjumöguleikar fyrir setrið. Heimir óskar eftir heimild frá stjórnarmönnum um að þróa þessa starfsemi með Svavari, það var samþykkt.

Fjármál: Svanur óskar eftir því að engar skuldbindingar verði gerðir af neinum í stjórninni nema að það komi inn peningastyrkur áður og að ákvarðanir um skuldbindingar séu teknar á stjórnarfundum. Heitar umræður mynduðust um samstarf og reikninga sem eru komnir fyrir vinnu sem snýr að PSS í Skálholti. PSS hefur fengið vilyrði fyrir styrkjum en það er ennþá munnlegt og ekki farið að skila sér til gjaldkera. Galdkeri þarf að fá að vita hver útgjöld eru og vísa því til stjórnar ef um háar upphæð er að ræða. Haukur leggur til starfsreglu: ekki sé farið í útgjöld yfir ákveðinni upphæð nema með leyfi gjaldkera, það var samþykkt.

Rætt var um samning við Björn G. Björnsson og reikninga sem borist hafa gjaldkera frá Birni og verkfræðistofu. Tekist var á um fyrirkomulag og forgangsröðun. Umræða leitaði víða svo ekki náðist að komast að niðurstöðu um málið á fundinum. Ákveðið var að skoða málið betur og halda fund að viku liðinni og taka málið þá upp aftur. Engar ákvarðanir voru teknar.

Svanur sagði að það væri einnig mikilvægt að fá fyrirvara áður en húsaleiga hækkaði. Er ekki hægt að fá skriflegan samning við eiganda húsnæðis á Laugaveginum var spurt. Heimir sagði að samningur hefði verið handsalaður og ákveðið hafi verið á sínum tíma að húsaleiga héldist í hendur við hækkun á fasteignaskatti og þannig hefur því verið háttáð. Heimir sagðist greiða hita og rafmagn úr eigin vasa.

Þorsteinn sagði að væntanleg væru útgjöld vegna blásarar í gáma. Síðan á eftir að tengja þá og það mun kosta eitthvað. Rafvirkja þarf til verksins. Það var samþykkt.

Lítið hefur bæst við af félagsmenn frá síðustu skýrslu, en það eru komnir 55 nýjrir félagsmenn það sem er af árinu. Þau fyrirtæki sem höfðu lofuðu okkur styrk hafa greitt styrk til okkar.

Önnur mál: Á setrið hafði komið gestur frá Rússlandi. Hann gaf okkur köku frá heimalandi sínu, við hæfi þótti að enda fundinn á því að smakka hana.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 28. nóvember kl. 11:00.

Fundi slitið.